



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun
Víkurrinnar – Sjóminjasafnsins í Reykjavík
og afmælisýningar vegna 100 ára sögu togaraútgerðar á
Íslandi
4. júní 2005**

Ráðherra, borgarfulltrúar
Fjölmargir sjósóknarar sem hér eru samankomnir
og aðrir góðir gestir

Þegar við sýnum áhrifafólki sem hingað kemur víða að úr veröldinni framfarirnar og velsældina sem einkenna Ísland á okkar tímum gleymist stundum að geta þess að þjóðin var um aldir sú fátækasta í álfunni, harðræðið slíkt að íbúafjöldinn stóð í stað, margir létu lífið vegna hamfara, hungurs og vannæringar.

Gestirnir undrast árangurinn, vilja gjarnan vita hvar lykilinn sé að finna, grundvöllinn að svo fjölpættu og kraftmiklu þjóðlífi, hvað hafi skipað Íslendingum á undraskömmum tíma í fremstu röð.

Upphafið að þessu framfaraskeiði, aflvélina sem kom sókninni í gang er að finna í komu togaranna, umbreytingunum sem þeir boðuðu í sjósókn og vinnslu aflans, stóriðjunni sem fiskvinnslan varð í kjölfar þeirra tímamóta.

Reykjavík breyttist á augabragði úr fábrotnu þorpi í hraðvaxta bæ og á fáeinum áratugum fékk hún sterkt svipmót skapandi borgar. Hverfin risu eitt af öðru, hitaveitan breytti lífsstíl fólksins, höfnin ætíð iðandi orkustöð sem veitti fyrirtækjum um borgina alla ár af ári nýjan þrótt.

Án útgerðar og fiskvinnslu, án auðsins úr djúpi hafsins sem togarar báru til hafnar hefði Reykjavík átt erfiða tíð og óvíst að við byggjum í dag að svo glæsilegri höfuðborg.

Því er vel við hæfi – og reyndar tími til kominn – að Reykjavík eignaðist sitt sjóminjasafn, vitnisburð um ævistarf þess góða fólks sem á

svo ríkan þátt í sögu okkar og táknrænt að opna það með afmælissýningu sem tileinkuð er 100 ára sögu togaraútgerðar í landi okkar.

Sjósóknin var vissulega frá öndverðu sterkur strengur í athafnasemi Íslendinga, lífæð í afkomu þjóðarinnar á hörðum árum, áratugum og jafnvel öldum. Þegar tíðin brást, skepnur féllu og skuldahalinn lengdist hjá kaupmanninum urðu þorskurinn og ýsan oft eina björgin og þeir sem voru svo lánsamir að eiga skektu eða fá pláss á báti hrósuðu happi.

Okkur er tamt að tala um hetjur hafsins á tyllidögum, en í þeim ljóma gleymist oft að ræða aðbúnaðinn, opna báta í aftakaveðri, árarnar eina aflið, erfiðar lendingar, hafnleysur, vonda vist í lélegum búðum sem hróflað var upp í grýttri fjöru.

Áfram voru aðstæður til vinnu og hvíldar erfiðar á fyrstu togurunum, jafnvel hættulegar, þrengslin mikil í vistaverum, vökur langar, í raun og veru var þessi vinna harðræði sem talið yrði þjóðarhneyksli á okkar tímum.

Það er gott að minnast þessarar sögu í aðdraganda sjómannaþingsins, þótt nú sé öldin önnur, aðbúnaður sjómanna um borð í glæstum fleyum eins og best verður á kosið.

En jafnframt ber að fagna því að á sýningunni sem við opnum senn hefur þáttur erfiðisins í þessari sögu ekki gleymst. Hér er leitast við að gera okkur skiljanlegt hve erfið vistin var í raun og veru, hve strangt líf beið þeirra sem ákváðu að sækja sjóinn, vera fjarri fjölskyldunni og stofna iðulega lífi og heilsu í stórfellda hættu.

Já, vissulega finnst okkur þetta vera liðinn tími, horfin veröld, en samt eigum við flest minningar um samveru með togarakörlum sem ruddu þessa merku braut, héldu til hafs á fyrstu togurum Reykjavíkur.

Þorvaldur, bróðir ömmu minnar, bjó á Brunnstígnum hér í nágrenninu, harðjaxl sem stíft sótti sjóinn, gaman að koma heim til hans og hlýða á sögur frá þessum tímum, sem eru þó svo skammt undan Lovísa kona hans lést fyrir fáeinum vikum í hárríelli.

Þorbergur, faðir Guðrúnar Katrínar, fórst með Sviða frá Hafnarfirði; fjölskyldur áhafnarinnar vissu alla ævi hvernig sá harmur tengdi þær saman; ekkjurnar reyndu ungar að bjarga sér með barnahópinn.

Við eigum öll í fjársjóði minninganna einhvern tengsl við þessar hetjur hafsins, þá úrvalssveit sem lét erfiðið ekki aftra för heldur hélt til hafs þótt óvíst væri hve margir kæmu heilir heim.

Það er sómi Reykjavíkur að heiðra minningu og framlag sjómanna, fjölskyldna þeirra, allra sem áður lögðust á árar, með því að

efna til veglegs sjóminjasafns og fá til liðs fyrirtæki sem öll eiga rætur í framfarasókn og stórhug þeirra sem á fyrstu áratugum síðustu aldar ýttu þessari þróun úr vör.

Ég óska Reykjavíkurborg og Faxaflóahöfnum til hamingju með þetta framtak og þakka HB-Granda, Íslandsbanka og Eimskipum fyrir liðsinni þeirra.

Safnið er þakkargjörð til sjómanna og því er við hæfi að Gísli Jónsson sem lengi var á togurum BÚR og vann svo í frystihúsinu á Grandagarði skuli vera fulltrúi þeirra hér í dag og við tveir sameinast um að opna safnið og sýninguna.

Það má í léttum dúr minna á að hann vann hjá BÚR en ég varð að láta mér nægja að vinna í fiski hjá Ísbirninum; eigum báðir góðar minningar frá þessum dögum.

Með þeim orðum göngum við til verks og fögnum nýjum áfanga í safnaflóru okkar Íslendinga.

Við opnum nú Víkina-Sjóminjasafnið í Reykjavík og 100 ára afmælissýningu sem helguð er togaraútgerðinni.